

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við vígsluhátíð
Varðveislu- og rannsóknamiðstöðvar Þjóðminjasafns Íslands. Haldið að
Tjarnavöllum 11 í Hafnarfirði, fimmtudaginn 5. desember 2019 kl. 16**

Forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, þjóðminjavörður,
góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fyrir hönd Háskóla Íslands fáein orð við þessa vígsluhátíð Varðveislu- og rannsóknamiðstöðvar Þjóðminjasafns Íslands hér að Tjarnavöllum í Hafnarfirði.

Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa um langt árabil haft með sér einstaklega náð og gott samstarf. Þetta helgast ekki aðeins af því að höfuðstöðvar beggja stofnana eru landfræðilega staðsettar nánast á sama stað í Reykjavík, heldur er grundvallar samstarfsins miklu fremur að leita í því að starfsemi Háskólans og Þjóðminjasafnsins er um margt eðlislík og snertifletirnir að sama skapi margir. Því hefur oft verið haldið fram að meginhlutverk háskóla sé að afla, varðveita og miðla þekkingu. Þetta á augljóslega ekki síður við um söfn á borð við Þjóðminjasafn Íslands, sem er eitt af höfuðsöfnum landsins og fæst við að afla sögulegra og menningarlegra muna og minja, rannsaka þær og varðveita og loks að miðla þekkingunni sem þannig verður til til sérfræðinga jafnt sem almennings. Það er því ekki að ástæðulausu að Þjóðminjasafnið hefur frá árinu 2013 verið skilgreint sem háskólastofnun. Háskóli Íslands og Þjóðminjasafn Íslands hafa um árabil

starfað saman á grundvelli samstarfssamnings sem miðar að því að nýta með skipulegum hætti þau fjölmörgu tækifæri sem eru fyrir hendi til rannsóknasamstarfs og rannsókna- og starfsnáms nemenda. Miðar samstarfið að því að nýta sérþekkingu og aðstöðu beggja stofnana til að efla rannsóknir og styrkja menntun nemenda á þeim sviðum sem Þjóðminjasafnið starfar á, s.s. fornleifarfræði, sagnfræði, íslensku, safnafræði, þjóðfræði og menningarmiðlun, svo dæmi séu nefnd. Ennfremur starfa stofnanirnar saman að málþingum og ráðstefnuhaldi, öflun styrkja, samvinnu um rannsóknaverkefni, margvíslegri útgáfu, sýningarhaldi og annarri miðlun. Ennfremur hefur áhersla verið lögð á að treysta samstarf Háskólans og Þjóðminjasafnsins á sviði starfsnáms nemenda og námskeiða á sameiginlegum sviðum. Gerir samstarfssamningurinn m.a. ráð fyrir því að sérfræðingar Þjóðminjasafnsins sem uppfylla fagleg skilyrði geti tekið að sér leiðbeiningu nemenda Háskólans við lokaverkefni, auk þess sem nemendur geta fengið aðstöðu við safnið, m.a. við skráningu og meðhöndlun safngripa, leiðsögn safngesta, sýningagerð og safnfræðslu. Jafnframt heimilar samningurinn að tengja störf fastra kennara Háskólans starfinu á safninu og hefur prófessor í fornleifafræði verið sameiginlegur starfsmaður um árabil.

Auk alls þessa hafa starfsmenn beggja stofnana haft með sér ýmiss konar óformlegt samstarf, m.a. um sýningarhald, og hefur landfræðileg nálægð stofnanana vafalaust haft jákvæð áhrif á það. Þá er þess skemmst að minnast að fyrir tæpu ári, 20. desember sl., fékk Háskóli Íslands afhent húsið Setberg, sem stendur rétt austan megin við Aðalbyggingu Háskólans, og hafði hýst skrifstofur Þjóðminjasafnsins frá árinu 2006. Var húsið nýlega tekið formlega

í notkun sem „hús kennslunnar“ og mun það nýtast Háskólanum vel við innleiðingu nýrra kennsluhátta og til að þjónusta kennara skólans – en í stefnu Háskólans er einmitt lögð rík áhersla á að setja hágæða nám og kennslu í öndvegi. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, og Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjaverði, fyrir velvilja og liðveislu þeirra til að málið fengi jafn farsælan endi og raun ber vitni.

Góðir gestir. Við erum hér saman komin til að fagna þeim tímamótum að heildarsafnkostur Þjóðminjasafns Íslands er nú formlega kominn í örugga vörslu við framúrskarandi aðstæður í nýrri Varðveislu- og rannsóknamiðstöð Þjóðminjasafnsins. Þetta er stór áfangi, ekki aðeins fyrir safnið heldur í reynd fyrir íslenska þjóð. Hér eru fyrirmyndaraðstæður til rannsókna og margvíslegs vísinda- og fræðastarfs og er ég ekki í vafa um að þessi glæsilega aðstaða muni verða til þess að styrkja enn frekar gjöfult samstarf Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands með glæsilegum aðbúnaði fyrir kennslu, nám og rannsóknir á breiðu fagsviði þjóðminjavörslu.

Góðir gestir. Ég vil ljúka máli mínu á að óska Þjóðminjasafni Íslands og íslenskri þjóð til hamingju með þennan merka áfanga. Þetta er gleðidagur fyrir okkur öll.

Takk fyrir.